

Plus-kerfisafriðill 5981 00 fyrir uppsetningu á DIN-skinnu
Plus-kerfisafriðill 5998 00 fyrir uppsetningu á vegg

GIRA

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Raflagna-
kerfi
P.O. Box 1220
42461 Radevormwald
Sími +49 (0) 2195 / 602 - 0
Fax +49 (0) 2195 / 602 - 191
www.gira.com
info@gira.com

499266 34/11

Öryggisleiðbeiningar

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast ísetningu og uppsetningu raftækja.

Ef ekki er farið eftir leiðbeiningum getur það valdið skemmdum á tækinu og skapað eldhættu eða aðra hættu.

Rjúfið strauminn áður en unnið er við tækið eða tengdan rafbúnað. Þegar það er gert skal gæta að öllum sjálfvörum sem veita hættulegri spennu til tækis eða tengds rafbúnaðar.



Gera skal ráð fyrir sjálfvari!

Tengja skal sjálfvar af gerð D, hámm. 16 A, framan við aflgjafann.

Virgni

Aflgjafi með inngangsspennu sem nemur 230 V AC +/-15 %.

Útgangsspenna 24 V DC.

Tækið er hannað fyrir notkun með uppgefnu afli allan sólarhringinn.



Athugið: Lesið notkunarleiðbeiningarnar fyrir kerfið.

Kynna skal sér alla eiginleika tækisins og kallkerfisins í heild sinni. Á geisladiskinum sem fylgir með stjórnstöðinni er að finna notkunarleiðbeiningarnar fyrir kerfið í PDF-útgáfu á ýmsum tungumálum. Vinsamlegast lesið þessar leiðbeiningar.

Innifalið

- Pöntunarnúmer: 5981 00, Plus-kerfisafriðill með höldu fyrir uppsetningu á DIN-skinnu.
eða
- Pöntunarnúmer: 5998 00, Plus-kerfisafriðill fyrir uppsetningu á vegg.

Uppsetning

Setja skal Plus-kerfisafriðilinn upp á þurrum stað þar sem lítið er um ryk og loftræsting er góð.

Pöntunarnúmer: 5981 00 er ætlað fyrir uppsetningu á DIN-skinnu.

Pöntunarnúmer: 5998 00 er ætlað fyrir uppsetningu á vegg.



Varúð! Setjið tækið ekki upp á sjúkrastofu!

Setja verður tækið upp á öruggan hátt. Rafvirkjar verða að geta komist að tækinu á öllum tímum.




Varúð! Hætta á ofhitnun!

Ef uppsetningarstaðurinn hentar illa getur hitamyndun leitt til þess að tækið ofhitni. Það getur valdið skemmdum. Sjáið til þess að loftræsting sé nægileg til að koma í veg fyrir hitamyndun.

Yfirlit yfir tækið

Á loki kerfisafriðils 5998 00 er ljósdíóða sem gefur stöðu tækisins til kynna:

Ljósdíóðan er græn þegar veituspenna er á.




Skýringar við mynd:

- ❶ Klemmur fyrir 230 V AC inngangsspennu
- ❷ Klemmur fyrir 24 V DC útgangsspennu
- ❸ Smávör: Inngangur T 2 A, útgangur T 6,3 A
- ❹ Stöðuljós: Grænt þegar veituspenna er á.

Mynd 1: Prentrásaspjald kerfisafriðils

GIRA



Mynd 2: Tengir á prentáraspjaldi

Tækið tekið í notkun

Gerið eftirfarandi:

Varúð! Hætta!

Raflost ef komið er við spennuhafa hluti hjá uppsetningarstað. Raflost getur verið banvænt.

Áður en unnið er við tækið eða tengdan rafbúnað skal taka strauminn af öllum tilheyrandi sjálfvörum og öryggjum. Hyljið spennuhafa hluti umhverfis!

1. Tengid 230 V AC inngangsspennu (sjá mynd 2, 230 V AC).
2. Tengid kerfistæki við 24 V tengiklemmuna (sjá mynd 2). Sjá kaflann um orkupunkta í notkunarleiðbeiningunum fyrir kerfið.

Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (séerverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar.

Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Tæknilýsing

Inngangur (inngangsspenna)	
Málspenna:	230 V (+/- 15 %)
Kerfistiðni:	45 til 65 Hz
Útgangur (útgangsspenna)	
Útgangsspenna frá veitukerfi:	27,2 V (+/- 0,5 %)
Málútgangsstraumur:	6 A
Útgangsafl:	150 W
Öryggi	
Hlíðarflokkur:	I
Hlíðarstig:	IP 30
Öryggi inngangsmegin:	T 2,0 A
Öryggi útgangsmegin:	T 6,3 A
Umhverfishiti við 100% álag:	-5 °C til +40 °C
Mál (L x B x H)	
Uppsetning á vegg 5998 00:	245 x 194 x 85 mm
DIN-skinna 5981 00:	170 x 125 x 65 mm
Þyngd:	
Uppsetning á vegg 5998 00:	1,85 kg
DIN-skinna 5981 00:	1,25 kg